

**VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses.**

Ársreikningur

2015



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Yfirlit yfir afkomu ársins 2015 .....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 .....	6
Sjóðstreymi ársins 2015 .....	7
Skýringar .....	8 - 12
Sundurliðanir .....	13 - 14

## **Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.:**

Gylfi Arnbjörnsson, formaður  
Hannes G. Sigurðsson, varaformaður  
Elín Björg Jónsdóttir, meðstjórnandi  
Gissur Pétursson, meðstjórnandi  
Halldóra Friðjónsdóttir, meðstjórnandi  
Kristján Þórður Snæbjarnarson, meðstjórnandi  
Ólafía Rafnsdóttir, meðstjórnandi  
Páll Halldórsson, meðstjórnandi  
Sólveig B. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Sigurður Bessason, meðstjórnandi  
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi  
Þorsteinn Víglundsson, meðstjórnandi  
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi  
Þórey S. Þórðardóttir, meðstjórnandi

## **Framkvæmdastjóri:**

Vigdís Jónsdóttir

## **Kjörinn endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráþingunni. VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. Starfsemi hefur verið í hraðri uppbyggingu og þróun á undanförunum 7 árum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins 715,1 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 28 og launagreiðslur félagsins námu um 217,1 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 24 og launagreiðslur félagsins námu um 176,2 millj.kr. á árinu 2014.

Á árinu 2015 hefur átt sér stað talsverð þróun í áframhaldandi uppbyggingu á þjónustu við einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnuþinga. Einnig hefur átt sér stað mikil þróun í framkvæmd starfsgetumats sem kallað hefur á auknið umfang í starfsemi matsteyma. Einstaklingum í þjónustu hefur ekki fjölgað á árinu en þróunin hefur áfram verið á þann veg að einstaklingar sem koma til VIRK glíma við þyngri og flóknari vanda en var í upphafi starfseminnar. Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í Ársriti VIRK árið 2016.

Varasjóður í lok árs var jákvæður um 3.395,2 millj.kr. en var 2.680,1 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig vaxið um 715 millj.kr. eða um 28% á árinu 2015. Um 238 millj.kr. eru vegna vaxtatekna.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK að safna fjármunum í sjóði. VIRK er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur sjóður sé 2.115 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert í tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þyrfti að vera 3.395,2 millj. kr. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Í ljósi þessa þá lagði stjórn VIRK til við fjármálaráðherra og húsnæðis- og félagsmálaráðherra í lok árs 2015 að sett yrði bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu þar sem framlög atvinnulífsins og lífeyrissjóðanna til VIRK yrðu lækkuð tímabundið úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingargjalds. Stjórnin lagði einnig til að framlag ríkisins verði 500 milljónir á árinu 2016 í stað 650 milljóna og 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017 í stað 0,06 eins og samkomulag VIRK og fjármálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra frá því í apríl 2015 gerði ráð fyrir.

Stjórn VIRK leggur þó áherslu á að hér er um tímabundna lækkingu að ræða sem mikilvægt er að endurskoða við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats. Sú kerfisbreyting mun kalla á mikla aukningu í þjónustu hjá VIRK með tilheyrandi útgjaldaaukningu og því er engin vegin tímabært að taka ákvörðun um hvert framlag atvinnulífs, lífeyrissjóða og ríkis þarf að vera til VIRK til framtíðar.

Ekki eru greidd laun eða aðrar þóknanir til stjórnarmanna.

# Skýrsla stjórnar, frh.

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2016

Stjórn:

*Guðni Á. Kip*  
*Þórunn Þorlindur Svendsen*  
*Haukur Þórnason*  
*Þórunn Þorlindur Svendsen*  
*Halldóra T. Fjörð*  
*Þórunn Þ. Fjörð*  
*Þórunn Þorlindur Svendsen*

Framkvæmdastjóri:

*Nigelur Fjörð*

*Þórunn Þorlindur Svendsen*  
*Halldóra T. Fjörð*  
*Þórunn Þ. Fjörð*  
*Þórunn Þorlindur Svendsen*  
*Þórunn Þ. Fjörð*  
*Þórunn Þorlindur Svendsen*

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 15. mars 2016

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**



Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

## Yfirlit yfir afkomu ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Iðgjöld .....	14	2.496.483.938	2.293.323.946
Framlag ríkisins .....	15	200.000.000	0
		<u>2.696.483.938</u>	<u>2.293.323.946</u>
<b>Rekstrartekjur</b>			
<b>Starfsendurhæfing</b>			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar .....	4, 16	( 1.686.036.779)	( 1.570.745.130)
		<u>( 1.686.036.779)</u>	<u>( 1.570.745.130)</u>
<b>Starfsendurhæfing</b>			
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og tengd gjöld .....	3, 17	( 302.328.857)	( 228.202.121)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	18	( 123.219.036)	( 91.724.203)
Eignakaup .....	19	( 93.148.300)	( 82.760.209)
		<u>( 518.696.193)</u>	<u>( 402.686.533)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Afkoma fyrir fjármagnsliði .....		491.750.966	319.892.283
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Fjármunatekjur .....	5	238.244.094	78.186.384
Seðil- og þjónustugjöld .....		( 140.312)	( 121.466)
Fjármagnstekjuskattur .....		( 14.754.725)	( 7.198.344)
		<u>223.349.057</u>	<u>70.866.574</u>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
<b>Afkoma ársins .....</b>		<u>715.100.023</u>	<u>390.758.857</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

## Eignir

	Skýr.	2015	2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	7	357.154.140	177.014.836
Verðbréf með föstum tekjum .....	8	2.503.413.145	1.951.184.051
Innlánsreikningar .....		204.915.956	174.218.023
		<u>3.065.483.241</u>	<u>2.302.416.910</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld .....	6	338.883.381	286.339.055
Bankainnstæður .....		162.241.507	228.064.948
		<u>501.124.888</u>	<u>514.404.003</u>
		<u>3.566.608.129</u>	<u>2.816.820.913</u>

## Eigið fé og skuldir

Stofnfé .....		1.500.000	1.500.000
Varasjóður .....		3.395.209.987	2.680.109.964
<b>Eigið fé</b>	9, 12	<u>3.396.709.987</u>	<u>2.681.609.964</u>
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	169.898.142	135.210.949
<b>Skuldir alls</b>		<u>169.898.142</u>	<u>135.210.949</u>
		<u>3.566.608.129</u>	<u>2.816.820.913</u>

Skuldbindingar ..... 12

## Sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Afkoma ársins .....		715.100.023	390.758.857	
		<u>715.100.023</u>	<u>390.758.857</u>	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....	(	52.544.326)	(	86.048.071)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....		34.687.193	(	63.748.881)
	(	<u>17.857.133)</u>	(	<u>149.796.952)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>697.242.890</u>		<u>240.961.905</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Verðbréf, lækkun (hækkun) .....	(	763.066.331)	(	142.267.932)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	(	<u>763.066.331)</u>	(	<u>142.267.932)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	(	65.823.441)		98.693.973
Handbært fé í ársbyrjun .....		228.064.948		129.370.975
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>162.241.507</u>		<u>228.064.948</u>



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Lögfesting iðgjalda

Um starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn og nam hún 0,13% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 2015. Þessa fjárhæð bar lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða og nema þær sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir innheimta af atvinnurekendum. Ríkinu bar samkvæmt þessum lögum að greiða 200 milljónir til VIRK á árinu 2015.

Í lok árs 2015 var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um tímabundna lækkun gjalda úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingargjalds á árunum 2016 og 2017. Framlag ríkisins verður 500 milljónir króna á árinu 2016 og 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, að undanskildu því að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Samanburðartölur fyrra árs

Þar sem nauðsynlegt var talið, hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru videigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## **Fjármagnsliðir**

Fjármagnsliðir er færðir í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem þeir falla til.

## **Skráning innkomu**

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirliti yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

## **Lotun gjalda**

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## **Skattamál**

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögaðili og skattar því hvorki reiknaðir né gjaldfærðir í uppgjöri.

## **Rekstrarfjármunir**

Samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins eru rekstrarfjármunir gjaldfærðir við kaup, en ekki færðir til eignar.

## **Fjárfestingarverðbréf**

Verðbréfacign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildaskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Verðbréf með föstum tekjum eru skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiða hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfavistölur eru hins vegar færð á markaðsvirði.

## **Óinnheimt iðgjöld og mótframlög**

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð að nafnvirði.

## **Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## **Ýmsar skammtímaskuldir**

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnvirði.

## **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun, bifreiðastyrkir og dagpeningar .....	229.489.824	186.780.487
Lífeyrissjóðsgjöld .....	20.856.497	16.997.461
Önnur launatengd gjöld .....	22.373.576	18.068.586
Annar starfsmannakostnaður .....	7.822.164	6.355.587
Áunnið orlof, breyting .....	21.786.796	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>302.328.857</u>	<u>228.202.121</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf .....	28	24
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri .....	14.454.851	14.152.920
Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.		

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses. reiknar áfallna orlofsskuldbindingu í fyrsta sinn á rekstrarárinu 2015.

### 4. Útgöld vegna starfsendurhæfingar

Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:	2015	2014
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa .....	486.273.611	452.416.352
Sérfræðiþjónusta og matsteymi .....	284.062.981	198.628.863
Úrræði .....	915.700.187	919.699.915
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar samtals .....	<u>1.686.036.779</u>	<u>1.570.745.130</u>
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa í lok árs .....	47	47
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs .....	1.876	2.285
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu .....	1.794	1.782

Um 40 sérfræðingar voru í sérhæfðum mats- og rýnitemum í lok árs 2015 en vinnuframlag þeirra var mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

### 5. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2015	2014
Innleystur hagnaður eignastýringar .....	5.861.526	629.348
Óinnleystur hagnaður eignastýringar .....	187.394.843	45.133.196
Vaxtatekjur eignastýringar .....	32.562.758	24.118.187
Arðstekjur eignastýringar .....	397.623	0
Umsýsluþóknun eignastýringar .....	( 4.696.974)	( 2.132.111)
Vaxtatekjur .....	14.535.270	8.588.336
Vaxtatekjur v/innheimtu lífeyrissjóða .....	2.189.048	1.849.428
	<u>238.244.094</u>	<u>78.186.384</u>
Seðil- og þjónustugjöld greinast þannig:		
Þjónustugjöld .....	18.820	19.590
Þjónustugjöld Visa/Euro .....	15.345	15.345
Seðilgjöld reikninga .....	100.597	79.288
Vextir .....	5.550	7.243
	<u>140.312</u>	<u>121.466</u>
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur .....	<u>14.754.725</u>	<u>7.198.344</u>

## 6. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:	2015	2014
Útistandandi iðgjöld atvinnurekenda .....	168.584.756	134.325.441
Útistandandi móttframlag lífeyrissjóða .....	170.298.625	152.013.614
	<u>338.883.381</u>	<u>286.339.055</u>

## 7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2015	2014
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	22.526.381	0
Hlutabréfasjóðir .....	334.627.759	177.014.836
	<u>357.154.140</u>	<u>177.014.836</u>

## 8. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	2015	2014
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	1.778.162.395	1.605.109.891
Skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga .....	725.250.750	346.074.160
	<u>2.503.413.145</u>	<u>1.951.184.051</u>

## 9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	1.500.000	2.680.109.964	2.681.609.964
Afkoma ársins .....		715.100.023	715.100.023
	<u>1.500.000</u>	<u>3.395.209.987</u>	<u>3.396.709.987</u>

## 10. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	2015	2014
Lánardrottinnar .....	125.578.932	117.892.787
Ógreiddir styrkir .....	11.899.448	10.619.448
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	10.632.966	6.698.714
Áunnið orlof .....	21.786.796	0
	<u>169.898.142</u>	<u>135.210.949</u>

## 11. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2015:	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Skuldir
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili .....	5.407.030	448.623
Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., í eigu stofnaðila .....	13.304.019	2.207.507
Húsfélagið Sætúni 1, í eigu stofnaðila .....	150.476	150.476
Efling stéttarfélag, stjórnartengsl .....	28.102.719	964.002
Starfsgreinasamband Íslands, samtök innan ASÍ .....	451.400	0
	<u>47.415.644</u>	<u>3.770.608</u>

## 12. Skuldbindingar

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Benedikt Jóhannesson Ph.D fyrir hönd Talmakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstæðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2015, sé þörf fyrir varasjóð að fjárhæð 2.115 milljónir króna. Miðast sú þörf við tölfræðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Stærð varasjóðsins þann 31. desember 2015 að fjárhæð 3.395,2 millj. kr. tryggir 97,5% öryggi.

## 13. Önnur mál

Alþingi samþykkti nýverið ákvæði til bráðabirgða í lögum 113/1990 um tryggingagjald og ákvæði til bráðabirgða í lögum 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi endurhæfingarsjóða.

Bráðabirgðaákvæðin kveða á um að iðgjöld atvinnurekenda og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóða til endurhæfingarsjóðs skuli vera 0,10% af stofni til iðgjalds vegna árána 2016 og 2017 í stað 0,13% áður. Ákvæðin öðlast gild og koma til framkvæmda 1. janúar 2016. Breyting þessi var gerð að frumkvæði stjórnar Virk.

Ennfremur lagði stjórnin til að breytingar yrðu á samkomulagi stjórnvalda og VIRK frá því í apríl 2015 þannig að framlag ríkisins nemi 500 millj. kr á árinu 2016 í stað 650 millj. kr. og 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017 í stað 0,06%.